

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, mótun og gerð skólanámskrár

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skóladeild Akureyrarbæjar og grunnskólar Akureyrar

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Júní 2014

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Skóladeild Akureyrarbæjar og grunnskólar Akureyrar.

Nafn verkefnis: Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, mótun og gerð skólanámskrár

Nafn verkefnisstjóra: Birna Svanbjörnsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði 2012-2014

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að námssamfélagið dýpki þekkingu sína og skilning á grunnþáttum menntunar með ígrundun og samræðu.
- Að skóli móti sér sýn um hvernig hann hyggst vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá.
- Að skólinn geri sér og umhverfi sínu ljóst hvaða leiðir og aðferðir hann mun nota og hvernig hann ætlar að meta árangurinn.
- Að þróa námsmenningu sem felur í sér leiðsagnarmat í þeim tilgangi að auka hæfni nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefnið var unnið í samstarfi Skóladeildar Akureyrarbæjar og miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri (msHA). Verkefnisstjórn var í höndum msHA og unnu ráðgjafar miðstöðvarinnar að verkefninu í samstarfi við stjórnendur og stýrihóp. Allir skólar áttu fulltrúa í stýrihópi og fundaði hann að jafnaði mánaðarlega en alls urðu fundirnir 14. Til að byrja með var fulltrúi foreldra frá Samtaka í stýrihópnum en hann sagði sig fljótlega frá verkefninu. Í flestum skólum voru mynduð námskrárteymi og funduðu þau reglulega í hverjum skóla.

Haustið 2012 var hélt msHA utan um tveggja daga námskeið með starfsfólki í grunnskólum Akureyrar. Á námskeiðinu gafst hópnum tækifæri til að ígrunda og ræða áherslur aðalnámskrár, grunnþætti menntunar, hæfnimiðað nám og lykilhæfni. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að við gerð skólanámskrár yrði að tryggja að hún fæli í sér virkt, skapandi og umbótamiðað ferli þar sem megin áherslan væri á menntunarferlið sjálft en ekki eingöngu útkomuna (process inquiry model). Haustið 2013 hélt msHA dagsnámskeið fyrir kennara og stjórnendur í grunnskólum Akureyrar. Á námskeiðinu var lögð áhersla á kynna þróun og stöðu námsmats og breytingar á námsmati í nýrri aðalnámskrá. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru frá Námsmatsstofnun þau Sigurgrímur Skúlason og Þóra Björk Jónsdóttir.

Ígrundun og samræða átti sér stað í skólum varðandi áherslur aðalnámskrár sem skilaði sér í aukinni jákvæðni meðal starfsfólks gagnvart verkefninu og skilningi á gildi virkrar skólanámskrár fyrir hæfni- og umbótamiðað námssamfélag. Vinna þátttakenda í verkefninu miðaðist við að endurskoða skólanámskrár m.t.t. áherslna aðalnámskrár, móta og/eða skerpa sýn, vinna með grunnþætti, hæfniviðmið og lykilhæfni, huga að markmiðum og viðmiðum í efnisþáttum skólanámskrár, þróa leiðsegjandi mat á vettvangi með nemendum og útfæra náms- og kennsluáætlanir.

Skólar fóru ólíkar leiðir í vinnunni og voru mánaðalegir stýrihópsfundir gagnlegir til að miðla hugmyndum milli skóla. Aðkoma ráðgjafa var að mestu í formi samstarfs við námskrárteymi hvers skóla en einnig skipulögðu þeir þróunarvinnu með einstaka kennarateyimum að ósk skólanna.

Ráðgjafar msHA höfðu að markmiði að styðja starfsfólk skóla við gerð og þróun skólanámskrár sem byggðist á líkani rannsóknarmiðaðs ferlis og gera það í góðu og gagnvirku samstarfi við skólasamfélagið. Ráðgjafarnir ígrunduðu aðkomu sína að ferlinu og framvindu þess frá upphafi með starfendarannsókn.

Frávik miðað við áætlun verkefnis

Ferlið hefur gengið hægar en upphafleg verkáætlun gerði ráð fyrir en öllum skólum miðar vel að settu marki. Allir skólar eru farnir að starfa að einhverju leyti á grunni nýrrar skólanámskrár og lögð er áhersla á starfshætti, námsleiðir og mat í anda nýrrar aðalnámskrár. Miðað við framvindu verkefnisins er ljóst að við upphaf þess hefði þurft að fastsetja fleiri tíma til verkefnisins inn á áætlanir skóla.

Stýrihópsfulltrúar eru sammála um að mikið hafi unnist og viðhorf meðal kennara jákvæðari í garð verkefnisins nú en áður. Gert var ráð fyrir að fyrra ár verkefnisins færi í að móta skólanámskrá og seinna árið að fylgja henni eftir í framkvæmd. Vegna þess að áætlanir gengu ekki eftir eins og áformað var, var tekin ákvörðun um að breyta upphaflegri áætlun og leggja megináherslu á mótun námsmat með áherslu á leiðsagnarmat seinna árið.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Við upphaf vinnunnar gætti ákveðins óryggis og tregðu meðal kennara og stjórnenda gagnvart verkefninu. Margir töldu grunnþættina óljósa og að mat á hæfni og útfærsla námsmats væri ekki nógu skýrt í aðalnámskrá.

Stjórnendur lýstu erfiðleikum við að finna verkefninu tíma.

Áætlað var að vinna skólaársins 2013-2014 miðaði að þróun leiðsagnarmats en óljósar upplýsingar og tafir á gögnum frá menntamálaráðuneyti gerðu það að verkum að margir skólar héldu að sér höndum og lögðu meiri áherslu á aðra þætti í mótun skólanámskrár.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Skapast hafa aukin tækifæri til ígrundunar og samræðu milli skóla um skólanámskrárgerð og skólaþróun almennt. Verkefnið skilur eftir þekkingu og reynslu sem væntanlega mun nýtast öllum sem að verkefninu koma. Samhliða vinnu við skólanámskrárgerð fór fram vinna með skólastjórum að þróun lærdómssamfélags en sú hugmyndafræði er mjög í anda þess vinnulags sem lögð var áhersla á í innleiðingarferlinu.

Niðurstöður:

Vinnan síðustu tvö ár hefur verið lærdómsrík og á stundum erfið en að sama skapi oft ánægjuleg. Lögð var áhersla á að meta framvindu ferlisins með starfendarannsókn ráðgjafa msHA og var fjölbreyttum gögnum safnað sem veittu upplýsingar um þróun og árangur vinnunnar.

Í upphafi skólaárs 2012 var skuldbinding skóla gagnvart verkefninu lítill. Kennarar voru óöruggir með áherslubreytingar aðalnámskrár og sögðu skorta á upplýsingar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um innleiðingu aðalnámskrár. Ráðuneytið hafði þá lítið gert til að kynna nýja aðalnámskrá fyrir skólum og skapaði það neikvæðni meðal kennara í garð ráðuneytisins. Kennarar sögðust upplifa álag vegna innleiðingarinnar og hafa lítinn tíma til að sinna verkefninu. Þeir mátu ekki gildi námskrár fyrir skólastarf, töluðu um óraunhæf markmið, fögur orð á blaði og lítill áhugi var meðal kennara á skólanámskrárgerð. Stjórnendur sögðu erfitt að finna tíma fyrir fundi og námskrárvinnu vegna þess að skólar væru að vinna í mörgum verkefnum.

Með skipulögðum samræðu- og fræðslufundum og skipan námsskrárteyma jókst skuldbinding gagnvart verkefninu og við lok skólaárs 2012–2013 lýstu stýrihópsfulltrúar allra skóla jákvæðum breytingum á viðhorfi kennara og stjórnenda til skólanámskrárvinnunnar.

Námskrárfundir leiddu í ljós að kennarar töldu að áherslur aðalnámskrár kalli á nemendamiðaðar náms- og kennsluaðferðir (þar sem nemandinn hefur meira um nám sitt að segja) og að slíkar náms- og kennsluaðferðir væru ekki algengar á unglíngastigi. Í upphafi seinna árs var lögð áhersla á að skapa námsmenningu sem felur í sér nemendamiðað starfshætti og leiðsegjandi mat með áherslu á lykilhæfni. Tilkynning frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um að vinna ætti nánari leiðbeiningar fyrir skóla varðandi námsmatið skapaði óöryggi og flestir skólar töldu ráðlegt að bíða með frekari námsmatsvinnu.

Námskrárvinna í skólunum hefur verið fjölbreytt og það hefur skapað tækifæri fyrir skóla til að miðla þekkingu og reynslu og læra af hver af öðrum. Segja má að hver skóli hafi aðlagð innleiðingarferlið að sínum þörfum og aðstæðum. Vinnan hefur m.a. falist í endurskoðun sýnar og stefnu, útfærslu á námsmarkmiðum nemenda og lykilhæfni og þróun starfshátta með áherslu á leiðsagnarmat. Skólar stefna á að birta endurskoðaðar skólanámskrár á næsta skólaári. Þær eiga að verða grundvöllur innra mats og miða að umbótamiðaðum starfsháttum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið og vinnan við það hefur verið kynnt víða m.a. á: Samræðu skólastiga á Akureyri (2013), NERA (Reykjavík 2013), Kynningafundi fyrir stjórnendur og kennara á Suðurnesjum (2013), Vorráðstefna msHA (2013), Deildarfundi kennaradeildar HA (2014), fyrirhugað er að kynna verkefnið á ECER í Portúgal (2014).

Heimildir

McKernan, J. (2008). *Curriculum and imagination: process theory, pedagogy and action research*. London: Routledge.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið.(2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Dagsetning:
20. júní 2014

Undirskrift verkefnisstjóra

Birna M. Svanhjörnsd.

Undirskrif fræðsluáætla
[Handwritten Signature]

A circular stamp with the text "AKUREYRARBER" at the top and "SKÓLADEILD" at the bottom. In the center is a stylized eagle or bird emblem.

Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Miðstöð skólaþróunar